



Ytri-Neslöndum
660 Mývatnssveit
Íslandi
www.fugasafn.is
Fugasafn@fugasafn.is
464 4477

Ársskýsla 2013



Ársskýsla 2013

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Opnunartími.....	3
Stjórn og Starfsfólk.....	3
Aðsókn.....	4
Húsnæði.....	6
Safnkostur.....	6
Skráningarkerfi.....	6
Varðveisla.....	6
Rannsóknir.....	6
Miðlun.....	8
Samstarfsaðilar.....	8
Önnur þjónusta.....	8
Rekstur.....	9
Mat á starfssemi.....	9
Næstu skref.....	10
Lokaorð.....	10



Ársskýsla 2013

Formáli

Nú er fimmta heila rekstrarárið að baki. Það komu 11.524 gestir í safnið í ár sem er fjölgun um 895 gesti frá síðasta ári. Það gleður okkur mjög að gestunum er að fjölga aftur eftir fækkun tvö síðastliðinn ár. Vonandi heldur sú þróun áfram. Þeir gestir sem koma í safnið eru mjög ánægðir og hrósa safninu.

Opnunartími

Frá 1. janúar til 14. maí er opið frá kl. 14:00-16:00 alla daga.

Frá 15. maí til 31. maí er opið frá kl. 12:00-17:00 alla daga.

Frá 1. júní til 24. ágúst er opið frá kl. 09:00-18:00 alla daga.

Frá 25. ágúst til 31. október er opið frá kl. 12:00-17:00 alla daga.

Frá 1. nóvember til 31. desember er opið frá kl. 14:00-16:00 alla daga.

Svo er hægt að hafa samband og láta opna á öðrum tímum, í síma 464 4477 og 846 7245.

Stjórn og Starfsfólk

Safnstjóri og safnvörður er Stefanía Stefánsdóttir í hálfu starfi yfir vetrartímann og í fullu starfi yfir sumartímann. Þorgeir Gunnarsson og Stefán Jón Pétursson voru í fullu starfi yfir sumartímann sem safnverðir. Svo hefur Álfís Stefánsdóttir hlaupið undir bagga þegar á hefur þurft að halda.

Launað vinnuframlag starfsmanna var 2.261 klst. + bókhaldskosnaður. Þetta eru ríflega tvö og hálf túsund klst. sem er aðeins meira enn á síðasta ári.

Í stjórn Fuglasafns Sigurgeirs sitja:

Ólöf Ýr Atladóttir, formaður

Aðalbjörg Stefánsdóttir, varamaður

Álfís Stefánsdóttir, varaformaður

Hanna Kristín Pétursdóttir, varamaður

Stefanía Stefánsdóttir, gjaldkeri og ritari

Elín Steingrímsdóttir, Varamaður

Jóhanna Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi

Axel Stefánsson, meðstjórnandi

Pétur Bjarni Gíslason sagði af sér sem framkvæmdastóri um áramótin 2012-2013 og úr stjórninni á síðasta aðalfundi og er honum þökkúð góð og óeigingjörn störf í þágu fuglasafnsins frá stofnun þess.

Tók Stefanía Stefánsdóttir við sem framkvæmdastjóri.



Ársskýsla 2013

Aðsókn

Aðsóknin var betri þetta árið en árið 2012 en hljóðar fjölgunin upp á 895 manns á milli ára. Er þetta mjög góð þróun og vonand heldur hún áfram. Gestirnir voru frá 61 þjóðlandi og er gaman að sjá frá hvaða löndum fólkið er að koma.

Gestir eftir þjóðlöndum.

	Gestir		Gestir
Alaska	3	Austurríki	140
Ástralía	165	Bandaríkin	745
Belgía	233	Brasilía	1
Chile	1	Danmörk	387
Eistland	5	England	833
Finnland	65	Frakkland	785
Færeyjar	10	Grikkland	1
Holland	484	Hong-Kong	29
Indland	44	Írland	5
Ísland	4132	Ísrael	255
Ítalía	176	Jamaíka	2
Japan	25	Kanada	362
Kasakstan	2	Kína	36
Kólumbía	1	Kosta Ríka	1
Krótía	2	Lettland	6
Liechtenstein	2	Litháen	23
Lúxemborg	11	Malasía	3
Malta	5	Mexíkó	1
Nepal	1	Noregur	161
Nýja Sjáland	21	Paragvæ	1
Portúgal	12	Pólland	32
Rúmenía	11	Rússland	48
Serbía	3	Singapúr	38
Slóvenía	33	Slóvakía	7
Spánn	136	Suður-Afríka	8
Suður-Kórea	8	Sviss	427
Svíþjóð	166	Taíland	16
Tansanía	1	Tasmanía	1
Tékkland	28	Tævan	28
Ungverjaland	33	Úrúgvæ	2
Þýskaland	1314	Óþekkt land	4



Ársskýsla 2013

Gestafjöldi í hverjum mánuði

Janúar	65
Febrúar	122
Mars	129
Apríl	222
Maí	1102
Júní	2118
Júlí	3864
Ágúst	2557
September	780
Október	373
Nóvember	122
Desember	70

Fjöldi gesta í hverri viku

Vika 1	2 gestir	vika 2	23 gestir
vika 3	23 gestir	vika 4	17 gestir
vika 5	5 gestir	vika 6	29 gestir
vika 7	50 gestir	vika 8	18 gestir
vika 9	63 gestir	vika 10	17 gestir
vika 11	19 gestir	vika 12	21 gestur
vika 13	29 gestir	vika 14	35 gestir
vika 15	15 gestir	vika 16	99 gestir
vika 17	68 gestir	vika 18	31 gestur
vika 19	99 gestir	vika 20	286 gestir
vika 21	365 gestir	vika 22	440 gestir
vika 23	392 gestir	vika 24	436 gestir
Vika 25	578 gestir	vika 26	598 gestir
Vika 27	818 gestir	vika 28	834 gestir
Vika 29	1014 gestir	vika 30	860 gestir
Vika 31	951 gestur	vika 32	684 gestir
Vika 33	613 gestir	vika 34	470 gestir
Vika 35	219 gestir	vika 36	206 gestir
Vika 37	298 gestir	vika 38	153 gestir
Vika 39	74 gestir	vika 40	56 gestir
Vika 41	197 gestir	vika 42	51 gestur
Vika 43	65 gestir	vika 44	15 gestir
Vika 45	17 gestir	vika 46	2 gestir
Vika 47	45 gestir	vika 48	54 gestir
Vika 49	18 gestir	vika 50	42 gestir
Vika 51	10 gestir	vika 52	0 gestir

Heimsóknir gesta eftir vikudögum.

Sunnudagur	2010 gestir
Mánudagur	1472 gestir
Þriðjugagur	1401 gestir
Miðvikudagur	1821 gestur
Fimmtugagur	1491 gestur
Föstudagur	1521 gestir
Laugardagur,	1808 gestir



Ársskýsla 2013

Húsnæði

Það var sett glerbrú og annað handrið við tjörnina inni í sýningarsalnum vegna ábendinga vinnueftirlitsins og til að tryggja öryggi gesta. Einnig var settur upp reykskynjari í geymslunni vegna ósk brunaeftirlitsins. Annars er húsnæðið klárt þó alltaf megi bæta og fegra. Vonandi verður lagt þriggja fasa rafmagn og ljósleiðari í fuglasafnið.

Safnkostur

Safnkosturinn er um 330 uppstoppaðir fuglar, 500 egg og um 50 gripir í bátaskýlinu. Í sýningunni eru 180 fuglar, 400egg og allir munirnir í bátaskýlinu.

Skráningarkerfi

Það er ekkert skráningarforrit til, enn sem komið er, fyrir náttúrugripi sem við vitum um. Við höfum skráð alla fuglana og eggin í Excel forrit og áætla ég að það sé um 30% af þeirri vinnu lokið.

Varðveisla

Hitastýring er nokkuð góð bæði í geymslu og safnrými, þurfum að skoða kælingu á heitustu dögum ársins. Öryggiskerfi og brunakerfi eru af fullkomnustu gerð og tengd beint við Securitas.

Rannsóknir

Við erum í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn í rannsóknarvinnunni okkar.

Álftir voru taldar á hverjum mánudagsmorgni allt árið á Neslandavíkinni frá Raufarhól. Fyrstu Álftir komu ekki fyrir en 20 maí og var hún ein þar til 24 júní þá kom önnur Álft með 4 unga eftir tvær vikur drapst einn ungin og voru þá 5 Álftir á vikinni þar til 19 ágúst þá voru 17 Álftir á vikinni, þær komust svo í 24 Álftir vikuna þar á eftir enn eftir það voru lengst af bara 5 Álftir og fóru þær síðustu um 29 október því eftir það var komin ís á víkina.



Ársskýsla 2013

Til að fylgjast með flórgoðavarpinu var vatnsbakkinn genginn frá Raufarhól að túngarði við Syðri-Neslönd. Á þessu svæði verptu 10 flórgoðapör sem er fjölgun frá síðasta ári en þá verptu 9 pör á þessu svæði. Voru hreiðrin á svipuðum stöðum eins og í fyrra. Varp var gengið í hólmunum á Neslandavík 13. júní. Það voru tekin 252 egg alls, úr Litlaskeri komu 3 egg, úr Ysthólma komu 35 egg, úr Strók komu 112 egg, og úr Landhólma komu 102 egg. Þetta voru 158 færri egg en komu á síðasta ári. Ísinn fór af vatninu 1. júní og er það frekar seint miðið við undan farin ár.





Ársskýsla 2013

Miðlun

Það eru tvær sýningar önnur er með fuglunum og eggjunum en hin sýningin er með bátnum Sleipnir og ýmsum munum sem tengjast vatninu og nýtingu þess. Það á eftir að koma sýningunni í bátaskýlinu yfir á fleiri tungumál og verður það vonandi búið á næsta ári. Það hefur verið útbúið mjög gott fræðsluefni um fugla fyrir skóla frá leikskólastigi og upp í framhaldsskóla. Fjölgun er á skólahópum sem heimsækja safnið til að fræðast um fuglana og náttúruna. Margmiðlunarefni um allar endurnar, fálkann, suma smáfuglana, safnið, fuglaskoðun og kúluskítinn er klárt og hefur vakið mikla lukku. Það þarf að halda áfram og klára þegar fjármagn finnst til þess. Við gefum út bækling á átta tungumálum. Svo höldum við úti heimasíðu og erum með facebook síðu á sumrin. Rannsóknarniðurstöður eru birtar á heimasíðunni og voru líka sendar til Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn til ferkari úrvinnslu.

Samstarfsaðilar

Allar okkar rannsóknir eru gerðar í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn. Faglegar upplýsingar um fugla og náttúruna fáum við hjá Jóhanni Óla Hilmarssyni fuglafræðingi og Náttúrustofu Norðurlands. Haförninn á safninu er fenginn að láni hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Við erum aðilar að Fuglastíg sem er samstarfsvettvangur aðila í fuglatengdri ferðaþjónustu. Vinnum með Hótel Rauðuskriðu, Gentle Giants, Fjallasýn og Björgum að markaðsetja áhugverða fuglaskoðunarpakka fyrir ferðamenn. Erum einnig aðilar að Markaðsskrifstofu Norðurlands, Mývatnsstofu og Safnaþingi sem er samstarfsvettvangur safna í Þingeyjarsýslu.

Önnur þjónusta

Erum með tvo fuglakíkja í veitingasalnum sem vekja mikla ánægju gesta enda gaman að horfa á fjölbreytt fuglalífið fyrir framan safnið. Nú eru komin upp þrjú fuglaskoðunarhús, eru þau við Raufarhól, Kýrhóla og Kálfstjörn. Myndavélin út í Strókhólma hefur sannað sig. Myndin sést á skjá í safninu og er mjög vinsælt að horfa á lífið, bæði fugla á hreiðri eða syndandi úti á vatninu. Ef úr verður að við fáum öflugri nettengingu getum við mögulega sent þessa mynd út á internetið. Við höfum fuglabækur á staðnum fyrir gesti svo þeir geti fræðst um fuglana og áttað sig á því hvaða fuglar eru út á vikinni. Við seljum kaffi af ýmsum gerðum og svo brauð á þjóðlegu nótunum, hverabakað rúgbrauð með reyktum silungi, flatbrauð með hangikjöti, vöflur með sultu og rjóma bakaðar á staðnum, kleinur o.fl. Einnig er á boðstólnum gos, súkkulaði, bjór, léttvín, ávaxtadrykkir o.fl. Fuglatengdir minjagripir eru til sölu hjá okkur.



Ársskýsla 2013

Við veitum ráðgjöf eins og við getum til fuglaskoðunar, hvenær og hvar er líklegt að finna ákveðna fugla. Allar fuglategundir sem sjást á svæðinu þann daginn eru skráðar á töflu á safninu svo gestir geta séð hvaða fugla þeir eigi möguleika á að sjá. Að dagslokum eru upplýsingarnar skráðar inn í tölvu og þannig verður til gagnabanki um hvaða fuglar sjást og hvenær á svæðinu.

Rekstur

Rekstur safnsins gekk bara býsna vel en endaði gestafjöldinn í 11.524 gestum í árslok. Rekstrartekjur án VSK., þ.e. tekjur fyrir utan styrki og án VSK., voru 11.243.729 kr. sem er 1.613.602 kr. (16,76%) hækkun frá árinu áður sem er ánægjulegt.

Gjöldin fyrir utan fjárfestingar eru 11.068.801 kr. (sem er lækkun um 18,29% eða 2.477.281 kr. frá síðasta ári).

Gjöldin skiptast í rekstrarvörur 1.310.486 kr. (sem er hækkun um 11,58% eða 112.596 kr. frá síðasta ári), þjónusta 685.573 kr. (sem er lækkun um 24,47% eða 222.096 kr. frá síðasta ári), annar rekstrarkostnaður 2.556.263 kr. (sem er hækkun um 8,60% eða 202.455 kr. frá síðasta ári) og laun og launatengd gjöld 6.516.479 kr. (sem er lækkun um 28,29% eða 2.570.236 kr.).

Af hreinum rekstri með styrkjum er 1.471.283 kr. hagnaður munar þar mestu um lækkun af launakosnaði. Af þessum tölum að dæma náðum við að rétta reksturinn af um 3.027.227 kr. Sem er góður árangur.

Mat á starfssemi

Gestir eru mjög ánægðir þegar þeir fara frá okkur og hæla safninu í hástert. Það er mikil viðurkenning þegar fólk kemur til okkar og segist engan áhuga hafa á fuglum en dvelur svo jafnvel klukkutímum saman inni í safninu. Þetta segir okkur að safnið er mjög áhugavert og vel uppsett.

Sýningin í bátskýlinu er klár núna og hefur vakið mikla athygli og lof. Við eru að láta setja hana yfir á fleiri tungumál og vonandi verður það klárt fyrir sumarið 2014.

Það sem komið er af margmiðlunarefninu hefur vakið mikla athygli og eru gestir mjög ánægðir með þessa fræðslu. Nú þarf bara að halda áfram þegar fjármagn finnat til þess. Myndavélin í Strókhólma hefur líka slegið í gegn og er mjög vinsælt að horfa á lífið á vatninu. Nú eru vonandi að opnast möguleikar á betri nettengingu og þegar það verður getum við hafið útsendingar á netinu á því sem myndavélin sýnir. Það gæti örugglega aukið áhuga fólks á safninu.

Það að skrá alla fugla sem sjást þann daginn á töflu hefur vakið nokkra athygli. Þessu þarf að halda áfram og búa til gagnagrunn sem fróðlegt verður að rýna í framtíðinni til að sjá hvaða fuglar sjást hér. Þetta getur líka verið öflugt markaðstæki ef við komum þessu t.d., á heimasíðuna þar sem fólk getur skoðað þessar upplýsingar og þá áætlað hvenær það á að koma til að sjá draumafuglinn.

Ytri-Neslöndum. 660 Mývatnssveit. Kt.521107-0300. www.fuglasafn.is Sími 464 4477



Ársskýsla 2013

Næstu skref

- Ljúka við að setja upplýsingar í bátaskýlinu á fleiri tungumál.
- Finna fjármagn og halda áfram með margmiðlunarefnið.
- Koma skráningarmálum safnmuna í endanlegt horf og klára það dæmi.

Lokaorð

Það voru margir sem efuðust um að það væri mögulegt að reka Fuglasafn í Neslöndum. Með því að vinna faglega að uppbyggingunni erum við með stórkoslegann hlut í höndunum, hús sem er algjört listaverk og náttúrugripasýningu á heimsmælikvarða. Frábærar staðsetningu þar sem hægt er að fylgjast með lífinu á vatninu beint úr safninu. Gestir eru mjög ánægðir með sýninguna, veitingar og umhverfið. Ef rétt er haldið á spilunum með þessa vöru þá á að vera hægt að reka safnið þannig að það standi undir viðhaldi og rekstri hjálparlaust.

Stefanía Stefánsdóttir